

VALITOR hf., kt. 500683-0589, hér eftir nefnt VALITOR, og ofangreint fyrirtæki, eftir nefndur söluaðili, gera með sér eftirfarandi samning um notkun Þjónustuvefs VALITOR:

1.0 Þjónusta

1.1 Á grundvelli þessa samnings veitir VALITOR söluaðila aðgang á öruggu vefsvæði að þeirri þjónustu sem er í boði á Þjónustuvefnum á hverjum tíma. Á vefnum getur söluaðili m.a. skoðað upplýsingar og framkvæmt ýmsar aðgerðir sem tengjast samstarfssamningi hans við VALITOR.

2.0 Ábyrgð fyrirtækis

2.1 Söluaðili ber ábyrgð á öllu tjóni sem hlýst af notkun hans eða starfsmanna hans á Þjónustuvefnum. Hið sama gildir ef utanaðkomandi aðilar komast yfir upplýsingar um aðgang að vefnum eða fá með öðrum hætti aðgang að honum. Nánari ákvæði um ábyrgð söluaðila er að finna í viðskiptaskilmálum .

3.0 Takmörkun ábyrgðar VALITOR.

3.1 VALITOR ber eingöngu ábyrgð á tjóni sem starfsmenn félagsins af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi kunna að valda í tengslum við notkun söluaðila eða starfsmanna hans á Þjónustuvefnum. Ábyrgð VALITOR nær eingöngu til beins tjóns en aldrei til afleidds tjóns, sem verða kann af þessum sökum, s.s. rekstrarstöðvunar, tapaðra viðskipta eða viðskiptavildar, álitshnekkis o.s.frv., sbr. og nánari ákvæði í viðskiptaskilmálum Þjónustuvefsins.

4.0 Viðauki

Samningi þessum fylgir eftirtalinn viðauki sem er óaðskiljanlegur hluti samningsins:

- Viðskiptaskilmálar um notkun Þjónustuvefs VALITOR.

5.0 Yfirlýsing

Undirritaður, fyrirsvarsmáður söluaðila og umsjónarmaður Þjónustuvefs, sé hann annar en fyrirsvarsmáður, staðfesta hér með að þeir hafi kynnt sér vel efni samnings þessa og ákvæði viðskiptaskilmála sem eru hluti hans, og gera sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á söluaðila og starfsmönnum hans samkvæmt þeim, þ. á m. varðandi notkun og vörslu öryggisupplýsinga.